

Reykjavík, 11. desember 2020

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð

Hinn 19. nóvember síðastliðinn lagði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fram á Alþingi frumvarp laga um Tækniþróunarsjóð. Með frumvarpinu er ætlunin að fá starfsemi Tækniþróunarsjóðs styrkan lagagrundvöll í sérlögum. Frumvarpið hefur verið yfirfarið á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu sem telja tilefni til að koma eftirfarandi á framfæri.

Á almennum nótum telja SVP mikilvægt starfsemi Tækniþróunarsjóðs byggja á viðhlítandi lagagrundvelli. Hins vegar telja samtökin að um leið og nýr grundvöllur verður lagður sé til staðar tækifæri til að endurskoða tilgang sjóðsins þannig að hann styðji betur við þá fjölbreyttu flóru nýsköpunar sem þrífst hér á landi.

Í 1. málsli. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að hlutverk tækniþróunarsjóðs sé að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Verður ekki betur séð en að hlutverkið sé í grundvallaratriðum hið sama og sjóðnum var fengið með 2. mgr. 10. gr. laga nr. 75/2007. Í framhaldinu er fjallað um heimildir sjóðsins þegar kemur að fjármögnun nýsköpunarverkefna og af lestri frumvarpsins verður hvað helst ráðið að sjóðnum verði einkum ætlað að styðja við nýsköpun á sviði tækniþróunar.

SVP hafa bent á að þau telji hlutverk Tækniþróunarsjóðs skilgreint með of þröngum hætti ef litið er til þarfa íslensks efnahagslífs fyrir aukna verðmætasköpun. Tækniþróunarsjóður er sá sjóður sem íslensk fyrirtæki sækja hvað helst í þegar kemur að styrkjum til nýsköpunar. Nýsköpun á sér hins vegar ekki einvörðungu stað á sviði tækniþróunar, heldur einnig á fjölmörgum öðrum sviðum. Má sem dæmi nefna nýsköpun á sviði viðskipta, t.d. í formi nýrrar viðskiptalegrar nálgunar eða nýrra viðskiptalíkana sem byggja á fyrirliggjandi tækni en gera mögulegt að nýta tækni á nýjan hátt og skapa þannig aukin verðmæti. Fleiri dæmi mætti nefna því hið sama á við um nýsköpun á sviðum menntunar og skapandi greina.

Á vettvangi SVP hafa oftlega komið fram ábendingar þess efnis að umsóknir um stuðning hljóti ekki náðar sjóðsins þar sem viðfangsefni hans hafa verið skilgreint með svo þröngum hætti að aðeins bein hátækniverkefni njóti styrkja. Að mati samtakanna hefur þar með skapast hættu á að verðmætaskapandi verkefni fái einfaldlega ekki framgang.

Í framangreindu samhengi er rétt að fagna eftirfarandi umfjöllun sem kemur fram í 5. kafla greinargerðar frumvarpsins:

Hvað varðar athugasemdir við afmörkun hlutverks Tækniþróunarsjóðs, skipan stjórnar og fagráða skal bent á að í tengslum við endurskoðun á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs verður einnig hugað að framtíðarskipulagi samkeppnissjóðsins sem og metin þörf á

breytingum á hlutverki, skipulagi og aðkomu aðila að stjórn Tækniþróunarsjóðs. Þá hefur umræða um heiti sjóðsins einnig komið upp reglulega og mun áfram verða unnið að því í framtíðarstefnumótun að finna sjóðnum víðtækara heiti.


Í ljósi framangreinds, og þá að teknu tilliti til framangreindra orða í 5. kafla greinargerðarfrumvarpsins, vilja SVP lýsa ánægju með frumvarpið. Rétt er þó að ítreka að nýju að SVP telja þörf á að endurskoða og útvíkka hlutverk og verksvið tækniþróunarsjóðs. Jafnframt væri æskilegt að finna sjóðnum nýtt nafn sem betur endurspeglar breiðari stuðning við nýsköpun en stuðning sem aðeins beinist að tækniþróun.

Virðingarfyllt,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur



Þórunn K. Jónsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri